

94

29. des.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1949 með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1949 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfastjóð og lestargjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka eignarskatt samkvæmt 14. gr. 1. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1949.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

95

29. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á árinu 1949 skal innheimta:

- A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
 - a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
 - b. Af öllum öðrum vörum með 200% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.
- B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 65% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur: